

Ríkislögreglustjóri  
Efnahagsbrotadeild  
Skúlagötu 21  
101 Reykjavík.

Reykjavík, 7. apríl 2008.

**EFNI: Viðskipti stjórnarmanna í SPRON með stofnfjárbréf á árinu 2007.**

Samtök fjárfesta leituðu með bréfi hinn 11. febrúar sl. eftir svörum Fjármálaeftirlitsins (FME) við því, hvort rétt sé sú fullyrðing stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur (SPRON) að FME hafi með bréfi frá 2004 bannað birtingu á upplýsingum um viðskipti stjórnarmanna félagsins með svonefnda stofnfjárhluti í félaginu á tímabilinu 17. júlí – 7. ágúst 2007.

Svar FME er dagsett 26. mars sl. og er þar kveðið skýrt á um, að ekkert bann hafi verið lagt við birtingu slíkra upplýsinga. Hins vegar leggi lög um verðbréfiðskipti nr. 33 frá 2003 ekki skyldu á innherja í óskráðum félögum um að upplýsa um viðskipti sín með óskráð verðbréf á borð við umrædd stofnfjárbréf.

Í bréfi FME er síðan vikið sérstaklega að því, að þótt lög um verðbréfiðskipti tryggja ekki birtingu slíkra upplýsinga, kunni önnur lög að eiga við og standa til verndar hagsmunum almennra fjárfesta. Þannig segir í bréfi FME:


Fjármálaeftirlitið vill sérstaklega benda á að í þeim tilvikum þegar innherjareglur verðbréfiðskiptalaga eiga ekki við þá er ekki um lagalegt tómarúm að ræða í slíkum viðskiptum. Í viðskiptum með óskráða fjármálagerninga njóta samningsaðilar réttarverndar almennra reglna samningaréttar, s.s. ákvæða um upplýsingaskyldu seljanda og ákvæða um misneytingu og svik. Þá vernda almenn hegningarlög fjárfesta gegn fjárförum.

Í tilefni af ofangreindum ummælum í tilvitnuðu bréfi FME telur stjórn Samtaka fjárfesta rétt og skylt að koma bréfi þessu á framfæri við efnahagsbrotadeild embættis Ríkislögreglustjóra með það fyrir augum að kannað verði hvort stjórnarmenn í SPRON hafi með viðskiptum sínum eða tilskildu samþykki við slíkum viðskiptum samstjórnarmanna á tímabilinu frá 17. júlí til 7. ágúst 2007 brotið gegn einhverjum þeirra lagaákvæða sem FME tilgreinir í bréfi sínu. Er þá sérstaklega vísað til þeirrar launungar sem lögð var á um viðskiptin.

Fer stjórnin þess hér með á leit við embætti ríkislögreglustjóra að það taki framangreint málefni til athugunar og rannsóknar ef tilefni þykir til. Félagið er reiðubúið að leggja fram frekari gögn og upplýsingar í málinu,

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjárfesta



Bolli Héðinsson, formaður



Vilhjálmur Bjarnason, frkvstj.

**Fylgiskjöl:**

Bréf Fjármálaeftirlitsins dags. 26. mars 2008.

Bréf Samtaka fjárfesta dags. 11. febrúar 2008.

**Afrit:**

Fjármálaeftirlitið.

Fjölmiðlar.